

Sagnfræðileg predikun

Einar Már Jónsson: *Örlagaborgin: Brotabrot úr afrekasögu frjálshyggjunnar – Fyrri hluti*, Orms-tunga, Reykjavík 2012, 545 bls.

Eftir Atla Harðarson

Bankahrun og bræðurnir Hefði, Mundi og Skyldi

Örlagaborgin eftir Einar Má Jónsson er fyrri hluti tveggja binda verks um frjálshyggju. Þetta fyrri bindi segir sögu sem nær frá sextánda öld til þeirrar nítjándu. Seinna bindið mun væntanlega fjalla um þá tuttugustu. Höfundur er mikið niðri fyrir. Þótt textinn sé fullur af frásagnargleði leynir sér ekki að honum er mjög í mun að koma pólitískum boðskap á framfæri. Þessi boðskapur er á þá leið að frjálshyggja hafi öðru fremur spilt samfélagi nútímans. En þótt boðskapnum sé einkum beint gegn skoðunum sem Einar Már kennir við frjálshyggju andæfir hann jafnframt framfarhyggju þeirra sem halda að sagan fylgi óhjákvæmilega einhverri markaðri braut til sí-fellt betri tíma.

Bókin er skrifuð af lærdómi og list og hún er skemmtileg aflestrar, enda hefur höfundur gott vald á efninu sem er sambland af hugmyndasögu og hagsögu, heimspeki og vangaveltum um stjórnsmál. Nafn sitt dregur hún af myndmáli sem Einar Már notar til að lýsa tilverunni. Ef til vill væru „Örlagaborgirnar“ í fleirtölu þó meira réttnefni því hann sækir í smiðju austurríska heim-spekingsins Karls Popper (1902–1994) sem skipti veröld okkar í þrjú svið, efnisheiminn, sálarlíf einstaklinganna og heim hugmynda og menningar. Í þessari bók er hvert svið vistað í einni borg. En borgir Einars rúma meira en veruleikann. Þar eru líka vistarverur sem geyma það sem aldrei var en gat orðið. Ferðalag sögumanns um örlagaborgirnar er því ekki eins og venjuleg sagnfræði heldur tekur hann stundum á sig króka og skoðar hvað gat gerst ef sagan hefði, mundi og skyldi hafa rambað aðra leið en hún gerði.

Einar Már kennir frjálshyggju um fjölmarga glæpi auðmanna og yfirstéttar gegn alþýðu á fyrri tíð. Hann skrifar ansi margt á reikning hennar, þar á meðal kreppu síðustu ára. Þessar að-dróttanir eru allfyrirferðarmiklar í textanum. Þær segja ekkert nýtt. Þeir sem vilja aukna mið-

stýringu og ríkisafskipti af efnahagslífinu hrópa margir þetta sama nú um stundir og láta eins og þeir viti að án hagstjórnar í anda frjálshyggju hefði engin kreppa orðið. Á hinn bóginn látast allmargir frjálshyggjumenn vita fyrir víst að með minni ríkisafskiptum hefði allt farið á betri veg. Hvorir tveggju eru ósparir á fullyrðingar um hvað hefði, mundi og skyldi gerast ef hagkerfið væri einhvern veginn allt öðru vísi en sú flókna blanda af miðstýringu og markaðslausnum sem við þekkjum úr raunveruleikanum. En ætli þeir félagar Hefði, Mundi og Skyldi séu ekki óútreiknanlegri og duttlungafyllri en svo að hægt sé að fullyrða mikið um hvaða afrek þeir ynnu ef allt væri öðruvísi. Kreppur virðast skekja alls konar hagkerfi, misjafnlega kapítalísk og misjafnlega þjóðnýtt. Munurinn er kannski helst sá að í þeim kapítalísku koma blómlegri hagvaxtarskeið á milli og þar ber líka ögn meira á lýðræðislegum stjórnarháttum en þar sem efnahagslíf er mjög miðstýrt.

Á bak við fullyrðingar um að kreppa síðustu ára sé vegna of mikillar eða of lítillar frjálshyggju virðast stundum búa fremur barnalegar hugmyndir í þá veru að frjálshyggja sé ein forskrift um alla hluti og neitun hennar leiði líka til einnar forskriftar. Hitt mun þó sönnu nær að löggjöf og samfélagsskipan geti verið í anda frjálshyggju á marga vegu og þá mjög misgóða. Eins mynda úrræði sem eru andstæð henni ansi fjölskrúðugan flokk. Að allar góðu lausnirnar á vandamálum samfélagsins tilheyri öðrum floknum og allar þær vondu hinum er tæpast mjög trúlegt og það er heldur ekki sennilegt að hægt sé að koma í veg fyrir kreppur og áföll með því einu að hafna öllum ráðum frjálshyggjumannna. Ég gef því ekki nema mátulega mikið fyrir skýringar Einars Más á efnahagsvanda síðustu ára.

Hvort einhvers staðar í þeirri örlagaborg sem hýsir mögulega heima rúms og tíma finnst vistarvera þar sem mannlífið er laust við kreppur, basl og fátækt veit ég ekki. Mig grunar að ef sú vistarvera er til þá sé hún hátt upp í einhverjum turni sem er órafjarri híbýlum veruleikans. Hversu langt er í herbergi þar sem stjórnlyndir íhaldsmenn eins og Einar Már kváðu alla frjálshyggju í kútinn á nítjándu öld veit ég ekki og ekki heldur hvort þar er enn verið að hýða fólk á torgum og setja í gapastokk fyrir kirkjudyrum. Ekki veit ég heldur hve lengi þarf að leita að vistarveru þar sem öll frjálshyggja laut í lægra haldi fyrir jakóbínum eða ámóta róttæklingum og því síður hvort þar er fallöxi í hverju krummaskuði.

Gegn frjálshyggju virðist Einar tefla íhaldssömum viðhorfum ekki síður en hugmyndum af ætt jafnaðarstefnu. Á stöku stað í textanum gefur hann í skyn að samfélagsskipanin hafi verið betri fyrir daga iðnbyltingar og kapítalisma. Eitt dæmi um þetta eru vangaveltur um hvernig hefði farið á Englandi ef einveldi konungs hefði ekki verið hnekkt af borgurum undir lok sautjándu aldar, en þeir atburðir ýttu, sem kunnugt er, mjög undir framgang kapítalisma og frjálshyggju þar í landi.

Ef enskir „einvaldskonungar“ hefðu hins vegar setið við völd, má vel ímynda sér að þeir hefðu litið svo á að þeir væru konungar allra stétta, eins og sumir fyrirrennarar þeirra höfðu gert, og ættu að bera hag allra landsmanna fyrir brjósti, ekki aðeins einhverra landeigenda. Kannske hefðu þeir líka viljað halda sem mest friði innanlands og stuðla að viðgangi ríkisins, en fyrir hvorutveggja hlaut aukin fátækt, með allri þeirri ólgu sem henni fylgdi, mjög að spilla. (Bl. 119)

Ekki þykist ég vita hvað þeir Hefði, Mundi og Skyldi mundu hafa afrekað á Englandi ef landsmenn hefðu búið við ríki einvaldskónga hundrað ár í viðbót. Í Frakklandi ríktu svoleiðis kóngar þar til alþýða fékk nóg og gerði byltingu undir lok átjándu aldar. Þar tókst þeim ekki betur en svo að halda innanlandsfrið og vera konungar allra stétta. Hér er Einar Már ef til vill aðeins að leika sér að hugmyndum og minna á að sagan gat farið á ótal vegu, enda hæðist hann að þeim sem álíta að hún geti aðeins haldið í framfaraátt.

Einfaldur boðskapur, einfölduð saga

Sagan sem Einar Már segir fjallar öðrum þæði um hugmyndir nokkurra af frumkvöðlum frjálshyggju á Bretlandi og öðrum þæði um breska hagsögu frá sextándu öld til þeirrar nítjándu. Þeir kenningasmiðir frjálshyggjunnar sem fá mest rúm eru heimspekingurinn John Locke (1632–1704), hagfræðingarnir Adam Smith (1723–1790), Robert Malthus (1766–1834) og David Ricardo (1772–1823) og heimspekingurinn og félagsfræðingurinn Herbert Spencer (1820–1903). Hollenski læknirinn Bernard Mandeville (1670–1733) kemur líka við sögu og Einar Már reynir að

gera hann að frjálshyggjupostula þótt það orki svolítið tvímælis. Þeir þættir hagsögunnar sem fjallað er um í lengstu máli snúast um hvernig enskir og skoskir kotungar voru hraktir af jörðum sínum í aðdraganda iðnbyltingarinnar og hvernig verkafólk bjó við ranglæti og illan kost í óheilnæmum fátækrahverfum í upphafi hennar.

Til að sagan flytji einn og aðeins einn boðskap þarf Einar Már að sleppa miklu úr, ýkja sumt og einfalda annað. Höfundar um hagsöguleg efni sem hampa frjálshyggju og líta á iðnbyltinguna sem framfaraskref velja að segja frá því sem Einar Már sleppir og einfalda efni sitt á annan veg en hann gerir. Ég sé ekki ástæðu til að setja út á þetta. Predikanir og hugvekjur eiga fullan rétt á sér svo þótt svona skrif séu ef til vill ekki eiginleg sagnfræði kunna þau að eiga virðingarvert erindi við lesendur. Það slævir þó boðskapinn ef höfundur gengur of langt í því að ýkja og einfalda. Á nokkrum stöðum í textanum held ég að Einar Már hefði betur stillt dómum sínum hóf. Mér þykja ýkjurnar til dæmis heldur miklar þegar hann fullyrðir um iðnbyltinguna að „í hvert skipti sem einhver ný vél kom fram á sjónarsviðið versnuðu kjör verkamanna, nýjungarnar á því sviði urðu ævinlega til þess að iðjuhöldarnir fækkuðu starfsfólki, réðu konur og börn í stað fullorðinna karlmanna á enn lægra kaupi og juku vinnuálagið“ (bls. 399). Það var svei mér lán fyrir íslenska alþýðu fyrir tvö hundruð árum að hér var lítið um vélar!

Langur kafli fjallar um eynd iðnverkamanna í Manchester í upphafi iðnbyltingar. Ekki ætla ég að réttlæta rangindin sem þeir voru beittir af enskri yfirstétt en einhvern veginn fæ ég frásögn Einars Márs samt ekki til að ganga upp. Hann lýsir iðnbyltingunni svo að hún hafi spilt mjög kjörum alþýðu og lætur að því liggja að líf þeirra sem þræluðu í verksmiðjunum hafi verið ömurlegra en nokkuð annað sem fátæklingar heimsins höfðu mátt þola. Einar Már gerir þessa frásögn eins og að stuttri skáldsögu og lætur samfélagsrýninn og kommúnistann Friedrich Engels (1820–1895) og skáldkonuna Elizabeth Gaskell (1810–1865) vísa lesanda veg um fátækrahverfin í Manchester. Grípum niður í söguna:

Ef verkamenn eru óánægðir með kjörin, segir frú Gaskell, mótmæla því kannski að launin séu lækkuð og gera verkfall, bregðast vinnuveitendur gjarnan þannig við að þeir flytja inn enn fleiri íra sem eru fúsir til að vinna fyrir hvaða kaup sem býðst til að sleppa úr örbirgðinni heima fyrir. Þeir ganga berfættir, bætir Engels við, og láta sér nægja að lifa á

kartöflum eingöngu. En með sinni samkeppni þrýsta þeir almennum lífskjörum niður á við.
(Bl. 338)

Lesandinn hlýtur að spyrja hvort þessi vitnisburður þeirra Gaskell og Engels bendi ekki til að iðnaðarborgin, þar sem núpínulegir kapítalístarnir ríktu, hafi verið skömminni skárri en sveitir Írlands. Hvers vegna þyrptist fólk til borgarinnar ef hún var öðrum stöðum verri?

Annað dæmi um ýkjur sem ganga heldur langt er þar sem John Locke er lýst eins og frjálslýndið sem hann boðaði í *Tveim ritgerðum um ríkisvald* hafi snúist um það eitt að verja takmarkalausán eignarrétt auðmanna og yfirstéttar (bls. 102). Einar Már virðist hafa lesið texta Lockes og það getur tæpast hafa farið fram hjá honum að í 4. kafla fyrri ritgerðarinnar (§42) tekur Locke fram með mjög afdráttarlausum hætti að eignarréttur víki fyrir rétti til lífs. Þar stendur:

Vér vitum að Guð hefur ekki gert neinn svo háðan miskunn annars manns að hann megi svelta hann ef honum býður svo við að horfa. Guð sem er herra og faðir vor allra hefur ekki gefið neinu barni sínu slíkan eignarrétt yfir einstökum hlutum þessa heims að þurfandi bróðir hafi ekki rétt á gæðum sem það á umfram nauðsyn. Þeim þurfandi sem býr við sáran skort verður því ekki með réttu neitað um þetta. Enginn getur því með réttu haft vald yfir lífi annars í krafti eignarréttar ...ⁱ

Það mætti tína til fleiri dæmi af svipuðu tagi en ég læt það vera og sný mér að mynd Einars Más af frjálshyggjuni en hún er sú einföldun sem mestu skiptir fyrir málflutning hans.

Mynd Einars Más af frjálshyggjuni

„Frjálshyggja er“ segir Einar Már (á bls. 28) „fyrst og fremst skýr og afmörkuð kenning í hagfræði.“ Hann segir líka að nú um stundir boði hún að það skuli „einkavæða allt, ... afnema allar reglugerðir ... draga sem mest úr félagsaðstoð, fela hana annað hvort gróðafyrirtækjum eða afnema hana með öllu, hnekkja valdi stéttarféлага og þar fram eftir götunum“ (bls. 32–33). Í

framhaldinu skilgreinir hann frjálshyggju sem einhvers konar hagfræðilega rörsýn á tilveruna og reynir að gera sem minnst úr tengslum hennar við frjálshyggju og hugsjónir um réttarríki og sjálf-ræði einstaklinga yfir eigin lífi (sjá t.d. bls. 35). Hann bætir því svo við að frjálshyggjumenn líti á þessa hagfræði sem vísindalegan sannleika af ætt raunvísinda (bls. 43). Hér er vitaskuld allmikil einföldun á ferðinni því sumir af helstu talsmönnum frjálshyggju hafa vefengt allan vísindalegan stórasannleika um mannlífið og litið á hagfræði sína sem hugvísindi eða túlkun á hugsun fólks og hegðun. Í þessum hópi má ef til vill frægastan telja Austurríkismanninn Friedrich Hayek (1899–1992), sem vel að merkja taldi bæði rétt að ríkið ræki félagsleg velferðarkerfi og að stéttarfélög væru nauðsynleg fyrir atvinnulíf nútímans.

Ef frjálshyggja nútímans er eins og Einar Már lýsir henni þá er hún ekki ríkjandi stefna því ríkisumsvif hafa aukist undanfarna áratugi, reglugerðum fjölgað og velferðarkerfi haldið áfram að starfa – sumir angar þeirra stækkað og aðrir minnkað eins og gengur. Rök Einars Má lita út eins og hann sé að elta ólar við menn sem aðhyllast stjórnleysi og hugsa ekki um neitt nema peninga. En hann virðist samt álíta að með þeim hafi hann rekið alla á stampinn sem eitthvað vilja draga úr miðstýringu og nota markaðslausnir á fleiri sviðum en gert er. Hér held ég Einari Má og fleiri andmælendum frjálshyggju sé kannski nokkur vorkunn. Það er erfitt að glíma við stefnu sem fáir gangast við en litar sjónarmið margra, bæði jafnaðarmanna og íhaldsmanna, sjálfstæðismanna og Evrópusambandsinna, bláeygra tæknihyggjumanna sem trúá á endalausar framfarir og svartsýnna efahyggjumanna.

Það sem mér sýnist þessi sundurleiti hópur sem hefur mótast af frjálshyggjuhefðinni eiga sameiginlegt er viðleitni til að leysa pólitísk vandamál án þess að draga úr frelsi manna. Þeir taka dreifstýringu og markaðsbúskap að jafnaði fram yfir valdboð og miðstýringu og lýsa fylgi við lýðræði og réttarríki. Þeir eru misvitrir eins og gengur, og ráð þeirra ekki öll jafn góð. Frjálshyggja af þessu tagi er talsvert ólík þeirri skoðun sem Einar Már kallar frjálshyggju og ég held að fremur fáir gangist við. Þetta útlókar þó ekki að eitthvað sé hæft í málflutningi hans, því það er mögulegt að alls konar hugmyndir móti þankagang fólks án þess það sjálft geri sér grein fyrir því. Ef við tökum Einar Má alvarlega hljótum við samt að spyrja hvaða samband „frjálshyggjan“ sem hann lýsir hefur við stjórnmalahreyfingar nútímans? Er hún skoðun þeirra sem sjálfir kalla sig frjálshyggjumenn eða einhverra annarra?

Hagmennnið

Í andmælum sínum gegn frjálshyggju verður Einari Má tíðrætt um líkan Adams Smith af hinum hagsýna manni sem hann kallar *hagmennni* og nefnir líka stundum upp á latínu *homo oeconomicus*. Þegar hann lýsir þessu líkani (bls. 422) vitnar hann í skrif Kolbeins Stefánssonar í bókinni *Eilífðarvélin*ⁱⁱ þar sem segir að myndin sem er dregin upp í hagfræðilíkönunum frjálshyggjumanna sýni mann sem lifir í félagslegu tómarúmi, láti stjórnast af sjálfsselsku og hafi það eitt markmið að hámarka eigin gróða en sé þrátt fyrir þessa vankanta skynsamur, hagsýnn og óskeikull um eigin hag. Einar Már bendir réttilega á að líkanið lýsi ekki raunverulegu fólki (og má skjóta því inn máli hans til stuðnings að þekktasta dæmið um hreinræktað hagmennni er teiknimyndafígúran Jóakim aðalönd en ekki raunveruleg manneskja). Hann rökstyður jafnframt að umrætt líkan hafi brenglað hugmyndir manna um eigin tilveru.

Sértekningar og einföld líkön af mannlífínu eru engin séreign frjálshyggjuhagfræðinga. Þau eru samofin rökhyggju, tæknihyggju og vísindalegum skilningi á tilverunni og kannski öllum módernisma. Einn áhrifaríkasti frumkvöðull í svona líkanasmíði við upphaf nýaldar var enski heimspekingurinn Thomas Hobbes (1588–1679). Hann var enginn frjálshyggjumaður en hafði veruleg áhrif á stjórnspeki og mannvísindi seinni alda, ekki hvað síst á upphafsmenn frjálshyggjunnar. Rit hans *Leviathan* er jafnan talið meðal þess merkasta sem skrifað hefur verið um stjórn málaheimspeki. Í þessu riti dregur Hobbes upp einfaldaða mynd af mannum. Hann gerir ráð fyrir að menn vilji halda lífi og beiti skynsemi til að sjá sér borgið en séu jafnframt þrætugjarnir og áfjáðir í að ná valdi yfir öðrum. Í 11. kafla þess segir hann að „mannkyn allt hneigjast til eirðarlausrar og sífelldrar löngunar sem dauðinn einn fær enda á bundið, löngunar í vald og meira vald“.ⁱⁱⁱ Af líkani sínu af mannum sem valdafíknum og þrætugjörnum leiðir Hobbes bæði þörfina fyrir valdstjórn og ýmis einkenni á ríkisvaldinu. Útleiðsla hans er að sumu leyti undanfari að leikjafræði tuttugustu aldar sem John von Neumann (1903–1957) og fleiri færðu í stærðfræðilegan búning. Líkan Hobbes dregur líka um sumt dóm af eðlisfræði Galíleós (1564–1642) og eftirmanna hans sem settu fram einföld lögmál um hreyfingu hluta. Til dæmis kenndi Galíleó að þungir hlutir og léttir féllu jafnfljótt til jarðar. Samt veit hver maður að ef fjöður og steini er

sleppt úr sömu hæð dettur steinninn hraðar. Kenning Galíleós var einföldun, sértekning, en ekki lýsing á því sem raunverulega gerist. Við getum sagt að hún sé fremur lýsing á því sem mundi gerast ef engin loftmótstaða verkaði á hlutina og við höfum það fyrir satt að á tunglinu féllu fjöðrin og steinninn jafnfljótt. En þótt kenning Galíleós hafi verið einföldun var vit í henni. Svipað held ég megi segja um kenningu Hobbes. Hún lýsir því hvað gerist ef drottunargirninn fer sínu fram og menn eru jafnframt nógu skynsamir til að sjá eigin lífi borgið.

Hobbes hélt því ekki fram að þrætgirninn og valdafíknin væru einu einkenni mannsins. Kenning hans byggist aðeins á þeirri forsendu að mannfólk hafi tilhneigingar í þessa veru og af þeim sökum sé ríkisvald nauðsynlegt til að hafa hemil á mönnum og koma í veg fyrir að deilur stigmagnist og verði að stríði allra gegn öllum. Síðan Hobbes var og hét hafa fleiri einföld líkön af mannlífinu verið notuð í fræðilegum tilgangi. Margir kannast við líkan bandaríska sálfræðingsins B. F. Skinner (1904–1990) af hinum skilyrta manni og á síðustu árum hefur líffræðilegt líkan Richards Dawkins (f. 1941) af manninum sem handbendi eigingjarna erfðavísa fengið talsvert mikla athygli. Líkan Adams Smith af hagemninu er um margt hliðstætt þessum líkönum sem ég eignaði Hobbes, Skinner og Dawkins. Það er einföldun sem er sett fram í fræðilegum tilgangi og kann að gagnast til að varpa ljósi á einhverjar hliðar tilverunnar. Hvað sem þeirri gagnsemi líður enda menn í einsýni, öfgum og firrum ef þeir halda að svona líkön segi allt sem máli skiptir um mannlífið. Það má ef til vill skýra þetta með einfaldri líkingu.

Ef ég reyni að átta mig á hegðun tveggja manna sem tefla skák þá geri ég ráð fyrir að þeir kunni leikinn og stefni að sigri en ég læt mig engu varða hvernig menn þeir eru að öðru leyti. Á þessum forsendum segi ég kannski að í næsta leik hljóti hvítur að reyna að valda biskupinn sinn. Með slíkri spá gef ég mér ekkert annað en að hann reyni að ná árangri í leiknum og ég þarf ekki neinar forsendur sem segja að maðurinn sem situr að tafli sé fyrst og fremst keppnismaður eða allt hans líf snúist um að máta andstæðinga sína. Sá sem reynir að átta sig á hvað keppnismaður gerir vinnur með sértekningu sem er einföldun á veruleikanum. Hann lítur á mann af holdi og blóði sem keppnismann og sleppir því að þæla í öðrum þáttum í tilveru hans. Á líkan hátt getur sá sem veltir fyrir sér einhverjum þáttum verslunar og viðskipta, t.d. fasteignasölu, komist nokkuð langt með því að gera ráð fyrir að fólk sé að jafnaði hagsýnt, hagi sér að meðaltali svipað hagemni Adams Smith. Af þessi leiðir að sjálfsögðu ekki að fólk sé fyrst og fremst hagemni.

Líkanið af haggmenninu er líkan af einni hlið tilverunnar. Það er því ekki eins hrein og klár vitleysa og Einar Már gefur í skyn þar sem hann reynir að svara öfgum þeirra sem ekki sjá neinar aðrar hliðar mannlífsins en þá sem hagfræðin gerir grein fyrir. Mér sýnist hann eiginlega tefla fram gagnstæðum öfgum og neita því að hagfræðileg líkön segi nokkurn sannleika. Þarna hefur hann kannski smitast af aldarhættinum því það virðist í tísku að bregðast við öfgum með gagnstæðum öfgum, þótt meðalhóf sé besta svarið við hvorum tveggju.

Haggmennið kom ekki fram sem fræðilegt líkan af hegðun fólks á markaði fyrr en í riti Adams Smith *Um auðlegð þjóðanna*. Samt hefur það verið vitað öldum saman að hagrænir hvatar orka á breytni fólks. Í einu af bréfum sínum til Atticusar (*Epistulae ad Atticum*, 1.16) hefur rómverski spekingurinn Cicero (106 f. Kr. – 43 f. Kr.) það eftir þeim sigursæla Filippusi II. Makedóníukonungi (382 f. Kr. – 336 f. Kr.) að hægt sé að vinna hvaða virki sem er svo fremi asni klyfjaður gulli komist upp að því. Filippus þessi var annars faðir Alexanders mikla og ummæli hans hafa orðið að málsháttum í ýmsum tungumálum. Á ensku er til dæmis sagt „An ass loaded with gold climbs to the top of the castle“ og á íslensku að enginn borgarveggur sé svo hár að ansi klyfjaður gullpeningum komist ekki yfir hann. Hugmyndin um að treysta megi fégininni til að vinna sitt verk hvar sem margir menn eru saman komnir er forn og hún var ekki fundin upp af frjálshyggjumönnum. En þótt þessi hugsun sé forn er oftrú á fræðileg líkön ef til vill einkenni á mórernisma fremur en eldri þankagangi. Slík oftrú getur verið varhugaverð eins og Einar Már bendir á. Mér virðist það besta og merkilegasta í bók hans vera hvernig hann varar okkur við að líta á haggmennið sem einu réttu myndina af mannlífinu og missa þar með sjónar á því hvað taumlaust óhóf, græðgi og eigingirni eru ljótir lestir. Ég held að það sé rétt hjá Einari Má að einsýni af þessu tagi er viðsjárverð. Hún getur, ef mér skjáttlast ekki, átt sinn þátt í að magna upp ágirnd sem ýtir samhug og góðmennsku til hliðar svo menn hirði hvorki um eigin heiður né hamingju annarra.

Ég hef bent á að í *Örlogaborginni* sé allmikið af ýkjum og einföldun á flóknum veruleika. En að svo miklu leyti sem bókin er andmæli gegn tilburðum til að skilja allt lífið út frá líkani sem lýsir aðeins einni hlið þess flytur hún hollan boðskap.

ⁱ Enski frumtextinn er á þessa leið hjá Locke: „But we know God hath not left one man so to the mercy of another, that he may starve him if he please: God the Lord and Father of all has given no one of his children such a property in his peculiar portion of the things of this world, but that he has given his needy brother a right to the surplusage

of his goods; so that it cannot justly be denied him, when his pressing wants call for it: and therefore no man could ever have a just power over the life of another by right of property ...“.

ⁱⁱ Ég fjallaði um þessa bók í ritdómi sem birtist í *Þjóðmálum* 2010 (3. hefti, 6. árg. bls. 85–93).

ⁱⁱⁱ Enski frumtextinn er á þessa leið hjá Hobbes: „So that in the first place, I put for a generall inclination of all mankind, a perpetuall and restlesse desire of Power after power, that ceaseth onely in Death.“